Mál nr. S-96/2026
Skilað inn í Samráðsgátt

24. júní 2026

Efni: Umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands um aðgerðaáætlun stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni 2026–2030

Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST) fagna því að aðgerðaáætlun stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni skuli vera komin í Samráðsgátt. Samtökin hafa kynnt sér efni áætlunarinnar og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Almennar athugasemdir

Áætlunin endurspeglar mörg þeirra leiðarljósa og markmiða sem fram koma í stefnunni og sýnir vilja stjórnvalda til að hefja markvissa innleiðingu skuldbindinga Íslands skv. samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og Kunming-Montreal samkomulaginu. NAUST telur þó að víða í aðgerðaáætluninni skorti sama metnað og var að finna í stefnunni. Til að tryggja að markmið stefnunnar náist fyrir árið 2030 þarf aðgerðaáætlunin að fela í sér skýrari skuldbindingar, hraðari og fleiri aðgerðir og betur mælanleg markmið um raunverulegan árangur. Rökstuðningur og vinsamlegar ábendingar fylgja hér eftir.

Athugasemdir við einstakar aðgerðir

NAUST fagnar þeim aðgerðum sem settar hafa verið fram í áætluninni. Samtökin telja þó að nokkrar lykilaðgerðir séu of óskýrar eða takmarkaðar miðað við þau markmið sem sett eru fram í stefnunni.

Aðgerð 1.1 – Landbúnaður og náttúruvernd

NAUST fagnar áherslu á aukið samstarf við bændur og landeigendur um sjálfbæra landnýtingu. Samtökin telja þó árangursvísa aðgerðarinnar of veikburða þar sem þeir snúa fyrst og fremst að fjölda þátttakenda og gerð áætlana. Mikilvægt er að árangur verði einnig metinn út frá raunverulegum breytingum á ástandi vistkerfa og áhrifum aðgerða á líffræðilega fjölbreytni.

Aðgerð 1.2 – Hvatar fyrir vernd og endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu

NAUST telur þessa aðgerð mjög mikilvæga til þess að ná markmiðum stefnunnar. Hér vantar þó upplýsingar um það hversu stórt framlag þessarar aðgerðar er ætlað að vera til að ná 30% markmiðunum um vernd og endurheimt. Samtökin telja æskilegt að sett verði fram (gróft) markmið um flatarmál svæða sem stefnt er að aðgerðin nái til fyrir árið 2030.

Aðgerð 1.3 – Stuðningur við atvinnulíf

NAUST styður aukið samstarf stjórnvalda og atvinnulífs um málefni líffræðilegrar fjölbreytni en telur að aðgerðin sé of hófstillt í ljósi metnaðar stefnunnar, enda felur hún að mestu í sér greiningu, fræðslu og ráðgjöf. Æskilegt væri að styrkja aðgerðina með skýrari tengingu við mælanlegan árangur,

s.s. aukna innleiðingu náttúrutengdra viðmiða í rekstri fyrirtækja og bættri upplýsingagjöf um áhrif þeirra á líffræðilega fjölbreytni.

Aðgerð 1.4 – Fjármögnun aðgerða í þágu líffræðilegrar fjölbreytni

Fjármögnun er ein af grunnforsendum þess að markmið stefnunnar náist. Því vekur athygli að aðgerðin er enn á hugmyndastigi og tímasett árin 2028–2030. Samtökin telja að vinna við varanlegt fjármögnunarkerfi og Líkríkissjóð þurfi að hefjast mun fyrr svo tryggja megi nægilegt fjármagn til framkvæmdar annarra aðgerða á tímabilinu.

Aðgerð 2.1 – Stöðumat hnignaðra vistkerfa á Íslandi

Þessi aðgerð er ein af mikilvægustu forsendum þess að hægt verði að ná markmiði stefnunnar um að 30% hnignaðra vistkerfa verði undir virkri endurheimt árið 2030. Samtökin undrast það að bíða eigi með að ráðast í aðgerðina til ársins 2027, enda byggja margar aðrar aðgerðir á niðurstöðum hennar, aðgerðir sem jafnvel hefjast fyrr. Samtökin telja að flýta þurfi framkvæmd aðgerðarinnar eins og kostur er.

Aðgerð 2.3 – Endurheimt raskaðra vistkerfa í ferskvatni, strandsjó og hafi

NAUST fagnar því að sérstök áhersla sé lögð á endurheimt þessara vistkerfa, sem hafa oft setið á hakanum. Samtökin telja þó að aðgerðin sé of varfærin miðað við umfang verkefnisins og dugi ekki til að þess að brúa bilið milli þeirra og vistkerfa á landi. Að hefja að lágmarki fimm tilrauna- og innleiðingarverkefni fyrir lok árs 2028 er afar hófstillt í ljósi þess að einungis tvö ár verða þá eftir af gildistíma áætlunarinnar.

Við þessa aðgerð vill NAUST jafnframt benda á að hafið og firðir landsins gegna lykilhlutverki í varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi. Fjölmargir firðir eru mikilvæg uppeldis- og búsvæði nytjategunda á borð við þorsk, ýsu, grásleppu og fleiri fisktegundir sem hafa bæði vistfræðilegt og samfélagslegt gildi. Samtökin telja að í aðgerðaáætluninni mætti koma skýrar fram hvernig vernd og endurheimt vistkerfa í strandsjó og hafi stuðlar að vernd þessara búsvæða og viðhaldi þeirra vistkerfa sem íslenskar sjávarauðlindir byggja á. Jafnframt telja samtökin mikilvægt að aukin áhersla verði lögð á rannsóknir, vöktun og vernd líffræðilegrar fjölbreytni í fjörðum og strandsvæðum þar sem nýtingarhagsmunir eru margþættir og álag á vistkerfi getur verið verulegt. Þetta á ekki síst við um þá starfsemi sem nýtir haf- og strandsvæði með beinum hætti og getur haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og búsvæði tegunda sem eru mikilvægar fyrir náttúru og samfélag.

Aðgerð 3.1 – Samstarf og stuðningur við sveitarfélög

NAUST fagnar auknum stuðningi við sveitarfélög í málefnum líffræðilegrar fjölbreytni enda gegna þau lykilhlutverki í skipulagsmálum og landnýtingu. Samtökin telja það þó vera óskýrt hvernig tryggja eigi að aukin þekking, leiðbeiningar og verkfæri skili sér í breyttu skipulagi, framkvæmdum og betri vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þá liggur ekki fyrir hver annast framkvæmd aðgerðarinnar, sem vekur upp spurningar um ábyrgð og eftirfylgni. Æskilegt væri að árangursvísar tækju betur mið af því hvernig sveitarfélög samþætta sjónarmið líffræðilegrar fjölbreytni í skipulagsáætlanir og ákvarðanatöku.

Aðgerð 3.5 – Stofnun lífríkisráðs og vísindanefndar

Í stefnunni er stofnun lífríkisráðs eitt af lykilverkfærum leiðarljóss A um stjórnsýslu og samhæfingu. Í aðgerðaáætluninni virðist hins vegar vera lögð áhersla á að skoða eða undirbúa stofnun ráðsins fremur en að tryggja að það verði starfrækt. NAUST telur mikilvægt að skýrt komi fram að lífríkisráð

og vísindanefnd verði stofnaðar og teknar til starfa innan gildistíma áætlunarinnar enda eru þær mikilvæg forsenda samhæfingar, ráðgjafar og eftirfylgni með markmiðum stefnunnar.

Aðgerðir 4.1 og 4.2 – Verndarsvæði í hafi og virk svæðisvernd á landi

Samtökin telja að skýrari tenging þurfi að vera á milli þessara aðgerða og markmiðs stefnunnar um að 30% lands, ferskvatns, strand- og hafsvæða njóti virkrar verndar árið 2030. Í núverandi framsetningu vantar mælanleg millimarkmið og skýra áætlun um hvernig markmiðinu verður náð innan tíma-rammans.

Forgangsaðgerðir

NAUST tekur hér undir umsögn Sveppafélagsins ehf. um óþörf og mögulega skaðsemi þess að skil-greina nokkrar aðgerðanna sem forgangsaðgerðir og að í raun ættu allar aðgerðir áætlunarinnar að vera í forgangi.

Athugasemdir varðandi atriði sem þarf að skerpa á

NAUST telur að aðgerðaáætlunin beri þess víða merki að megináhersla sé lögð á greiningar, kortlagningu, stöðumat, þróun verklags og tillögugerð fremur en beinar aðgerðir til verndar og endurheimtar líffræðilegrar fjölbreytni. Slíkur undirbúningur er mikilvægur en samtökin telja nauðsynlegt að hraða framkvæmd þeirra aðgerða þar sem næg þekking liggur þegar fyrir svo raunhæft sé að ná markmiðum stefnunnar fyrir árið 2030.

Engin eiginleg aðgerð er um áhrif loftslagsbreytinga á líffræðilega fjölbreytni en samlegð aðgerða með loftslagsmálum eru tíðnefnd. NAUST er hér ekki að leggja til viðbótaraðgerð en bendir á að í stefnunni er skýrt kveðið á um að allar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum skuli vera líffræðilegri fjölbreytni til hagsbóta og telur að þessi mikilvæga meginregla endurspeglist ekki með nægilega skýrum hætti í aðgerðaáætluninni. Í viðeigandi aðgerðum þarf þetta að koma skýrt fram til að tryggja að loftslagsaðgerðir séu ávallt og án undantekninga framkvæmdar með hagsmuni líffræðilegrar fjölbreytni að leiðarljósi.

NAUST vekur athygli á að í aðgerðaáætluninni er ekki að finna sérstaka umfjöllun um lagareldi eða aðgerðir sem miða að því að draga úr áhrifum þess á líffræðilega fjölbreytni. Þetta er í ósamræmi við stefnuna þar sem fiskeldi í sjó og möguleg áhrif þess á villta laxastofna, vistkerfi strandsvæða og erfðafræðilega fjölbreytni eru nefnd á ýmsum stöðum í stefnunni sem mikilvægt viðfangsefni. Áætlunin endurspeglar því ekki að fullu áherslur stefnunnar og úr því þarf að bæta með því að taka skýrt fram hvernig unnið verði að því að lágmarka áhrif lagareldis á líffræðilega fjölbreytni og fylgja eftir markmiðum stefnunnar á því sviði í viðeigandi aðgerðum, einkum þeim sem snúa að sjálfbærri nýtingu auðlinda, vernd lífríkis og stjórnsýslu.

Athugasemdir varðandi aðgerðir sem vantar

Þrátt fyrir að aðgerðaáætlunin taki á mörgum mikilvægum viðfangsefnum telur NAUST að nokkur atriði sem lögð er rík áhersla á í stefnunni endurspeglist ekki nægilega í aðgerðaáætluninni.

Í fyrsta lagi skortir aðgerðir sem miða að verndun tegunda, stofna og erfðabreytileika. Í stefnunni er þetta eitt af þremur meginmarkmiðum leiðarljóss B, en aðgerðaáætlunin inniheldur ekki

sambærilegar aðgerðir sem beinast að því að bæta verndarstöðu tegunda í hættu eða styrkja þekkingu og vernd erfðabreytileika.

Í öðru lagi telur NAUST að stuðla þurfi betur að samþættingu líffræðilegrar fjölbreytni inn í ákvarðanatöku um framkvæmdir, auðlindanýtingu og skipulagsmál. Í stefnunni kemur skýrt fram að vistkerfisnálgun eigi að vera leiðarljós í allri stefnumótun og ákvarðanatöku sem hefur áhrif á náttúruna. Að mati samtakanna er nauðsynlegt að áætlunin innihaldi bindandi aðgerðir sem tryggja að það markmið náist.

Í þriðja lagi skortir aðgerðir sem styðja við aukna þátttöku almennings, fræðslu og menntun um líffræðilega fjölbreytni. Í stefnunni er lögð áhersla á að samfélagið allt taki þátt í að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og að efla skuli menntun og vitundarvakningu. NAUST telur óviðunnandi að slíkar aðgerðir hafi ekki ratað inn í aðgerðaáætlunina.

Í fjórða lagi bendir NAUST á að þrátt fyrir að hringrásarhagkerfið sé sérstakt markmið í stefnunni vanti aðgerð um innleiðingu þess í aðgerðaáætlunina. Sjálfbærni og virðing fyrir þolmörkum jarðar verður ekki náð nema með breytingum á hagkerfinu sem draga úr ofnýtingu auðlinda, sóun á verðmætum og álagi á vistkerfi. Því er mikilvægt að bætt verði við sérstakri aðgerð á þessu sviði.

Síðast en ekki síst telja samtökin undarlegt að aðgerðir vegna áhrifa mengunar á líffræðilega fjölbreytni vanti, miðað við vægi þeirra í stefnunni. Í stefnunni kemur fram að minnka þurfi mengun að gildum sem ekki skaði líffræðilega fjölbreytni og meðal sértækra markmiða er að efla sérstaklega aðgerðir til að draga úr plastmengun. Þessum mikilvægu markmiðum verður ekki náð ef aðgerðir í átt að þeim skortir í áætluninni og því þarf nauðsynlega að bæta við markvissum aðgerðum til að draga úr mengunarhættu og -álagi á vistkerfi og lífverur, þ.m.t. manninn. Lokaorð hér neðar koma einnig inn á þetta málefni.

Lokaorð

Náttúruverndarsamtök hafa löngum verið skrefi á undan sinni samtíð. Sem dæmi má nefna að árið 1987 hvatti NAUST stjórnvöld til að móta stefnu um sölu einnota umbúða í landinu m.t.t. umhverfisverndar, löngu áður en vandræði sem fylgja plasti birtust að ráði í samfélagsumræðunni. Höfundur leyfir sér að fullyrða að við sem þjóð værum í talsvert mikið betri málum en við erum í dag þegar kemur að plastmengun ef stjórnvöld hefðu svarað ákalli samtakanna þá um árið. Það er því afar mikilvægt að frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar taki virkan þátt í mótun hvers kyns viðbragða við umhverfisvandanum og að á þau sé hlustað, strax í dag en ekki einhverjum áratugum síðar þegar mun erfiðara og dýrara er að ná árangri, eins og reynslan hefur sýnt. NAUST treystir því að svo verði í þessu tilviki.

Með vinsemd og virðingu, f.h. stjórnar NAUST
Guðrún Óskarsdóttir, formaður